

Það besta fyrir börnin: Þrástef og þagnir í fjölmiðlaumfjöllun um heimgreiðslur

Sunna Símonardóttir

Í samstarfi við Ingólf Ásgeir Jóhannesson

Bakgrunnur rannsóknar - af hverju förum við af stað?

F Fréttablaðið
20 January 2020 · 🌐

Jónína Einarsdóttir, leikskólastjóri, fagnar styttingu á opnunartíma leikskóla: „Að eignast barn er nefnilega að taka á okkur aukna ábyrgð, ákveðna lífsskerðingu sem fellst í að þurfa að haga lífi okkar öðruvísi“



FRETTABLAÐIÐ

FRETTABLAÐID.IS

Ábyrgðin er foreldranna: „Skóli er ekki geymslusvæði fyrir börn“

SKOÐUN

 **Farandverkafólk á leikskólum**

Sæunn Kjartansdóttir skrifar · 14. desember 2017 09:30

Innlent | mbl | 8.11.2023 | 17:25

„Tími langrar vistunar er einfaldlega liðinn“



Leikskólabörnin of lengi „í vinnunni“



SKOÐUN

 **Hver á að hugsa um yngstu börnin?**

Alda Agnes Sveinsdóttir skrifar · 20. október 2022 13:32

Segir sex tíma dagvistun æskilega fyrir lítil börn

Leikskólastjóri í Kópavogi segir tímamann þurfa að leiða í ljós hvaða áhrif hækkun leikskólagjalda í bænum hefur. Jafnvel geti breytingin orðið til að fleiri velji styttri dagvistun fyrir börnin sín. Bæjarfulltrúi kveðst ekki hissa á hörðum viðbrögðum.

Markús Þ. Þórhallsson
4. ágúst 2023 kl. 10:26, uppfært kl. 11:34



Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi

Mikil fjölmiðlaumræða um leikskóla.

- 2020–2022 voru 1308 greinar, fréttir og pistlar í fjölmiðlum (Fjölmiðlavaktin)
- Og umræðan hefur haldið áfram



Bakgrunnur

Umönnunarbilið og kynjaðar byrðar

- Íslenskum börnum er ekki tryggð dagvistun að loknu 12 mánaða fæðingarorlofi
- Ísland er eina landið á Norðurlöndunum sem tryggir ekki samfellu milli fæðingarorlofs og vistunar
- Umönnunarbíl - kynjaðar afleiðingar
- Mæður undir álagi þegar reynt er að ná jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs (Hjálmsdóttir og Einarsdóttir, 2019; Júlíusdóttir o.fl., 2018)
- Ungar íslenskar konur líti á móðurhlutverkið sem erfitt og líklegt til að hafa neikvæð áhrif á félagslega stöðu þeirra (Símonardóttir og Guðmundsdóttir, 2022).

„Leikskólavandinn“

- Loforð – vandamál
- Tímabundinn fjölgun fæðinga í Covid
- Vinnuaðstæður slæmar, starfsmannavelta, mygla
- Hnignun dagforeldrakerfisins

Bakgrunnur

Heimgreiðslur á Norðurlöndunum

- Í langflestum tilvikum verið á stefnuskrá íhaldssamra flokka eða flokka hægra megin við miðju - Fyrirvinnulíkan
- Mikill meirihluti þeirra sem þiggja heimgreiðslur mæður og mæður með lágar tekjur, lágt menntunarstig og innflytjendabakgrunn eru líklegastar til að þiggja heimgreiðslur (Ellingsæter, 2012)
- Neikvæðar afleiðingar fyrir atvinnu kvenna, sérstaklega í dreifbýli - útiloka mæður með innflytjendabakgrunn frá atvinnutækifærum (Ellingsæter, 2016)
- Ísland: hvert sveitarfélag fyrir sig getur tekið ákvörðun um hvort þær séu teknar upp og með hvaða hætti
- Nýleg skýrsla OECD varar við heimgreiðslum

Gögn og aðferðir

- Fjölmiðlayaktin: Janúar 2020 – Apríl 2023 – Öll umfjöllun um heim(a)greiðslur í fjölmiðlum
- Orðræðugreining á 99 greinum
- Þemu til umfjöllunar í dag:

1. Léttum álag á kerfið
2. Besta fyrir börnin
3. Ólíkar þarfir og val
4. Talsýn jafnréttis

Ár	Fjöldi greina
2020	9
2021	2
2022	60
2023 (janúar-Mars)	57

samals 128

Niðurstöður – léttum álag á kerfið

Heimgreiðslur skapa pláss og rými fyrir eldri börn á leikskólanum og léttu þannig álagið á leikskólana:

„Slá þannig nokkrar flugur í einu höggi“


„Neyðarstyrkir“ „bætur“ „biðlistabætur“

„Heimagreiddslur myndu líka léttu mesta þungann af leikskólakerfinu“

„Heimgreiðsluúrræðið mun léttu á biðlistum“

„Sú lausn er ódýrari fyrir sveitarfélagið en dýrt leikskólapláss ef miðað er við yngstu börnin“

Þögn um efnahagslegar forsendur/aðstæður foreldra



Niðurstöður – besta fyrir börnin

Áhyggjur af tengslamyndun – óheppilegt eða skaðlegt að vera fjarri foreldrum:

„Óhætt er að segja að loforð um átta stunda leikskólavist frá 12 mánaða aldri er úr takti við allar rannsóknir og fræðigreinar um tengslamyndun barna við foreldra sína“

„Stjórnvöld verði í auknum mæli að taka mið af ráðleggingum sérfræðinga þegar ákvarðanir eru teknar um líf barna“

„Við teljum að með þessu séum við að styrkja barnafjölskyldur, bjóða uppá fjölbreyttar leiðir og leggja okkar að mörgum við að efla enn frekar tengslamyndun barns og foreldris hafi þeir möguleika til að vera lengur heima með börnum sínum“

Þögn um fyrri útfærslur:

Styttra fæðingarorlof sama dagvistunarpörfin – engar áhyggjur af tengslamyndun?

Niðurstöður – ólíkar þarfir og val



Mikilvægi valfrelsis – rímar við erlendar rannsóknir

Þarfir foreldra margbreytilegar og heimgreiðslur mikilvægur hluti af hlaðborði kosta þar sem hver og ein fjölskylda velur það sem hentar þeim best:

„En á meðan sumir foreldrar slást um leikskólaplássin myndu aðrir gjarnan vilja lengri tíma með barninu heima en eiga þess ekki kost“

„Fjölbreytni er mikilvæg. Stórar einingar, litlar einingar, dagforeldrar, einkareknir skólar og jafnvel heimgreiðslur til foreldra ættu allt að vera leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum“

Þema sem hefur náð útbreiðslu – þögn um efnahagslegt, kynjað og félagslegt samhengi valsins

Niðurstöður – Tálsýn jafnréttis? (þögn)

„Börn eiga rétt á að fá heimsins besta atlæti hvort sem það heima eða heiman og um það snýst málið. Fjölskyldan veitir slíkt atlæti **hvort sem það er mamman eða pabbinn eða amman eða afinn eða annað fólk** sem barnið er tengt tilfinningalega og gjörþekkir þarfir þeirra“

„Stór hluti þeirra myndi kjósa að hafa barnið lengur í umsjón fjölskyldunnar, bara ef það væri í boði fjárhagslega. Þar með er ekki sagt að mamman myndi endilega vera heima, **fjölmargir aðrir** eru í nærhópi barnsins sem myndu líka geta lagt hönd á plóginn“

„Í Hafnarfirði var opnað fyrir úrræðið í ársbyrjun, þegar hafa **foreldrar** hátt í hundrað barna nýtt sér það. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir **foreldra** hafa tekið vel í úrræðið“

Allar erlendar rannsóknir sína fram á að það eru fyrst og fremst mæður sem þiggja heimgreiðslur og mæður með lágar tekjur, lágt menntunarstig og innflytjendabakgrunn eru líklegastar til þess að nýta þær (Ellingsæter, 2012)

„XXX [faðir] þæði ekki heimagreiðsluna sjálfur: „Nei, þá væri ég að tapa pening. Konan myndi kannski taka því““

Ályktanir – Jafnrétti vs lítil börn

Heimgreiðslur skilgreindar sem heppilegur plástur á laskað kerfi

Orðræða ákafrar mæðrunar birtist okkur víða þar sem hugtök eins og tengslamyndun, sem hingað til hefur verið skilgreind sem nokkuð áreynslulaus verður að einhverju sem þarf markvisst að vinna að og er í hættu

„Við höfum lengi staðið fyrir því að konur komist aftur á atvinnumarkað og Fyrstu fimm er mjög umhugað um réttindi foreldra líka, að við fáum að komast aftur út á atvinnumarkað ef við viljum en nú erum við komin þangað og nú þurfum við aðeins að bakka fyrir þá foreldra sem vilja vera heima“

Ályktanir – Jafnrétti vs lítil börn

Átök og núningur er skapaður á milli ákveðinna þröngt skilgreindra hagsmuna barna og jafnréttishugsjóna

„Við erum nú hálfri öld frá þeim stað þegar konur áttu ekkert val eftir að barn var komið í heiminn. Barátta okkar endaði hins vegar í hinum öfgunum, ekkert val nema senda barn að heiman og fara sjálf í vinnuna, vinnu sem er ekki alltaf vel launuð og spennandi þótt sé sárt að viðurkenna það. Áfram gakk, elsku fólk! Tökum nú næstu hálfu öld í nýjum takti og í liði með börnum“

Fræðafólk hefur bent á að í núverandi ramma ákafs uppeldis eru börn skilgreind sem berskjölduð, laus við sjálfræði og þurfa aukna vernd á hinu opinbera sviði (Burman, 2016; Hoffman, 2010; Lareau, 2018; Wall, 2013).

Konur eru aftur á móti skilgreindar sem fyrirmyndarviðföng frjálshyggjunnar, loks lausar undan oki hefðbundinna kynhlutverka, eða hvað?

Það er okkar að tryggja að hinn „nýi taktur“ sé ekki bara á færi sumra foreldra, stuðli ekki að þrengri stöðu barnafjölskyndna og færi ekki jafnréttisbaráttuna aftur um áratugi

Takk fyrir áheyrnina!



Þakkir:

- Rannsóknasjóður Rannís (228294) fyrir stuðning við rannsóknarverkefnið *Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi*.
- Jónína Riedel meistaranemi í náms- og starfsráðgjöf fyrir að taka saman greinar, fréttir og pistla úr gögnum frá Fjölmiðlavaktinni.